

**Fjallskilanevnd**  
**Fundargerð**



Fundað í fjallskilanevnd þriðjudaginn 15. júní kl. 17. Fundinn sitja Árný Huld Haraldsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Styrmir Sæmundsson og Vilberg Þráinsson.

Dagskrá:

1. Leitardagar í Reykhólahreppi 2021.

Fjallskilanevnd leggur til að leitardagar í Reykhólahreppi séu eftirfarandi:

Svæði 1-7; Kleifar, Brekkuá að Króksfjarðarnesi, Króksfjarðarnes, frá Bakkadal að Naðurdalsá og Borgarland verði leitað 18. september.

Svæði 8; frá Naðurdalsá að Hjallaá verði leitað 11. september.

Svæði 9; Reykjanes verði leitað 10. september.

Svæði 10; Frá Hjallaá út Hallsteinsnes að Djúpadal verði leitað 12. september

Svæði 11-14; frá Djúpadal að Skálanesi verði leitað 11. september.

Svæði 15-16; Kálfadalur, Eyri, Klettur, Seljaland og Fjarðarhorn verði leitað 4. september.

Svæði 17; Þorskafjarðarheiði og norðan Reiphólsfjalla verði leitað frá og með 27. ágúst og eftir því sem veður leyfir.

Svæði 18; Múlasveit verði leituð 30. ágúst -3. september.

Seinni leit allra svæða verði helgina 25.-26. september.

Nefndin leggur einnig til að fyrrnefndir leitardagar verði auglýstir á vef Reykhólahrepps og bændur hafi frest til 16. júlí til að koma athugasemdum við leitardaga á skrifstofu sveitarfélagsins.

Formanni er falið að hafa samband við fjallskilanevnd Strandabyggðar og óska eftir að leitað verði frá Arnkötludal að Ósdal föstudaginn 10. september.

Fundi slitið kl. 17:40

---

---

---

---

---